

## stuttar fréttir

## Mótettukór stofnaður við Hallgrímskirkju

Reykjavík: Í byrjun september verður stofnaður nýr kór við Hallgrímskirkju í Reykjavík, „Mótettukór Hallgrímskirkju“. Stærð hans er miðuð við 30-40 manns á aldrinum 16-40 ára, sem hafa það hlutverk að flytja kirkjulegar mótettur (Schütz, Byrd, Bach, nútímatónskáld t.d.) og kantótur í guðsþjónustum, auk reglubundins tónleikahalds á ýmsum tímum kirkjuársins. Miðað verður við eina fasta æfingu á viku (æfingartími verður ákveðinn í samráði við kórfélaga), auk raddæfinga og aukaæfinga eftir verkefnum. Smáverkefni biður kórsins strax 5. september, er fluttar verða 2 Bach-kantótur fyrir Bariton og hljómsveit,

en kórinn syngur lokakóralinn í annari kantótunni. Tónleikarnir 5. september eru til fjáröflunar fyrir orgeljód kirkjunnar, með þátttöku þýsks einsöngvara, Andreas Schmidt, og íslenskra hljóðfæraleikara.

Söngstjóri hins nýja mótettukórs er nýskipaður orgelleikari Hallgrímskirkju, Hörður Áskelsson. Þeir sem kynnu að hafa áhuga fyrir starfi í kórnum eru beðnir að hafa samband við söngstjórnann í síma 32219. Raddprófun fer fram í Hallgrímskirkju n.k. föstudag kl. 16-19 og laugardag kl. 11-13.30 eða eftir samkomulagi. Kunnátta í nótnalestri er æskileg, án þess þó að vera skilyrði.



■ Hin tignarlega Hallgrímskirkja á Skólavörðuholti og nánasta umhverfi. Í bakgrunni sjáum við m.a. útivistarsvæðið Miklatún. Mynd Ari.

## Rúmlega 10.000 með

### Arnarflugi

■ Í áætlunarflugi Arnarflugs innanlands flugu alls rösklega 10 þús. farþegar fyrstu 6 mánuði ársins, sem er um 600 færri farþegar en á sama tíma í fyrra. En Arnarflug hefur áætlun til 12 staða í innanlandsflugi. Meðal sætanýting var 61,9% sem er um 1% betri nýting en í fyrra á sama tíma.

## Fyrsta opna golfmótið á nýjum velli á Sauðárkróki

Sauðárkrókur: Volvo-open, golfmót verður haldið á Hlíðarendavelli við Sauðárkrók næstkomandi laugardag, 4. september, og hefst klukkan 10 fyrir hádegi. Spilaðar verða 18 holar með og án forgjafar.

Þetta er fyrsta opna golfmótið sem haldið er á nýjum golfvelli á Sauðárkróki, sem tekinn var í notkun s.l. vor.

Völlurinn er nú hollur völlum í fjölbreyttu og fögru landslagi.

Volvo-umboðið á Íslandi gefur öll verðlaun á þessu fyrsta opna golfmóti á Hlíðarendavelli.


A.Ó

## Nýr leikskóli tekinn í notkun í Hveragerði

Hveragerði: Nýr Leikskóli verður opnaður í Hveragerði á morgun, laugardag, 4. sept. við sérstaka athöfn, enda er slíkt eðlilega töluverður viðburður í ekki stærra sveitarfélagi. Athöfnin hefst með helgistund kl. 14.00. Þá flytja ávörp oddvitinn í Hveragerði og forstöðukona hins nýja leikskóla ásamt fleirum. Allir Hveragerðingar eru velkomnir að líta á hinn nýja skóla.

Leikskólinn er byggður og rekinn af Hveragerðishreppi, og leysir af annan minni leikskóla sem rekinn hefur verið við mikil þrengsl. Hinn nýi leikskóli á að rúma 40 börn.

## fréttir




Yfirlitssýning á verkum Bertels Thorvaldsens:

# OPNAR Á KJARVALSSTÖÐUM SÍÐDEGIS

■ Í dag verður opnuð yfirlitssýning á verkum myndhöggvarans Bertels Thorvaldsens að Kjarvalsstöðum. Sýningin kemur frá Thorvaldsenssafni í Kaupmannahöfn. Þetta er í fyrsta sinn í 134 ára sögu Thorvaldsenssafsins sem staðið er fyrir sýningu á verkum hans á erlendri grundu, og jafnframt í fyrsta sinn sem haldin er sýning á verkum hans hér á landi.

Bertel Thorvaldsen var einn frægastur listamaður Evrópu um sína daga. Hann var sem kunnugt er íslenskur í föðurættina, sonur Gottskálks Þorvalds-sonar tréskurðarmanns, en móðir hans var dönsk, og hann var fæddur og uppalinn í Danmörku. Thorvaldsen fæddist 1770 og nam dráttlist og höggmyndalist fyrst í Danmörku og síðar í Rómaborg, þar sem hann settist að og bjó lengst af ævinnar. Hann varð fyrir miklum áhrifum af fornrómværskri list og var einn helsti frumkvöðull nýklassisku listastefunnar. Thorvaldsen fluttist aftur heim til Kaupmannahafnar 1838, eftir 40 ára dvöl í Róm, og þar lést hann 1844, fjórum árum áður en safn hans þar var opnað. Á safninu eru um 860 verk eftir Thorvaldsen, en mikill fjöldi verka hans, bæði höggmyndir og teikningar, er dreifður víða um lönd. Af verkum hans hér á landi er t.d. skírnarfonturinn í Dómkirkjunni, sem Thorvaldsen „gaf ættjörð sinni“ eins og segir í áletrun á fontinum frá 1827, enda fór hann aldrei í grafstötu um uppruna sinn. Til Íslands kom hann þó aldrei. Þá er og að geta sjálfsmýndar Thorvaldsens, sem Kaupmannahafnarborg gaf til Íslands 1874 til minningar um þúsund ára byggð landsins. Stytta var upphaflega afhjúpuð með viðhöfn á Austurvelli á afmælisdegi Thorvaldsens 19. nóvember 1875, en 1931 var hún flutt yfir í Hljómskálagarðinn. Í tilefni sýningarinnar á Kjarvalsstöðum hefur stytta verið flutt þangað og prýðir nú hellulagðan garð Kjarvalsstaða. Tvö önnur verk eru á sýningunni eftir Thorvaldsen, annað úr eigu Þjóðminjasafnsins, og er það brjóstmynd af Jóni Eiríkssyni konferenzráði, en hitt er marmaramynd af Ganymedesi, sem Listasafn Íslands á. Öll önnur verk, 75 talsins koma frá Kaupmannahöfn, og er sýningarvæðinu á Kjarvalsstöðum skipt í herbergi er líkjast sölu Thorvaldsenssafsins í smækkaðri mynd.

Margir hafa lagt hönd á plóginn þannig að sýning þessi gæti orðið að veruleika og þeim viðburði sem efnistanda til. Hugmyndina átti sendiherra Dana á Íslandi Janus Paludan, sem er mikill aðdáandi Thorvaldsens, en af hálfu Thorvaldsenssafsins hefur frá Dyveke Helsted forstöðumaður safnsins og Sören Sass arkitekt, ásamt safnvörðunum Evu Hennen, Bjarne Jörnes og Sören Rasmussen unnið við skipulagningu og uppsetningu sýningarinnar. Af Íslendinga hálfu hafa unnið Júlíana Gottskálksdóttir listfræðingur og Stefán Halldórsson ásamt Þóru Kristjánsdóttur listráðunaut Kjarvalsstaða svo og fjöldi íslenskra iðnaðarmanna frá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Sérstakir verndarar




sýningarinnar eru hennar hátign Ingiríður drottning og dr. Kristján Eldjárn fyrrverandi forseti Íslands, sem skrifar í veglegt rit, sem Thorvaldsenssafn hefur gefið út í tilefni sýningarinnar.

Sýningin á Kjarvalsstöðum verður opnuð í dag kl. 17:00 með viðhöfn. Við það tækifæri flytja ávörp Einar Hákonarson stjórnarformaður Kjarvals-

staða og Bent Nebelung stjórnarformaður Thorvaldsenssafsins og borgarstjóri í Kaupmannahöfn, en síðan mun forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir opna sýninguna.

Sýningin verður á Kjarvalsstöðum í tvo mánuði, eða til októberloka. Hún verður opin daglega frá kl. 14-22, og er ókeypis aðgangur.



■ Síðasta hönd lögð á uppsetningu sýningarinnar.

Tímamynd G.E